

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Sundabraut

Nýr þjóðvegur að Reykjavík
Stofnbraut innan borgar

Drög að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfismati (drög)

Lögð fram sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög nr. 111/2021 um umhverfismat áætlaða




Sundabraut, aðalskipulagsbreyting (drög)

Hvað er til afgreiðslu?




Drög að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfismati (drög) sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Samþykkt að forkynna drög að aðalskipulagsbreytingu sbr. 2.mgr. 30. gr., ásamt drögum að umhverfismati. *Vísað til borgarráðs.*




Fylgiskjal I. Umhverfismat aðalskipulags (drög) sbr. lög nr. 111/2021. Unnin af VSÓ-ráðgjöf fyrir Reykjavíkurborg



Fylgiskjal II Umhverfisskýrsla framkvæmdar (drög) sbr. lög nr. 111/2021. Unnin af Eflu fyrir Vegagerðina. **Lagt fram með aðalskipulagsbreytingu en ekki til afgreiðslu.**


Sundabraut í gildandi aðalskipulagi

- Brýnt er að draga fram á skýran hátt
kosti og galla allra valkosta og áhrif
þeirra í víðu samhengi frá mörgum
sjónarhornum, m.a. hver áhrif hinnar
nýju samgöngutengingar eru á
byggðapróun og ferðavenjur til langs
tíma litið og hver áhrifin yrðu ef fallið
yrði frá framkvæmdum eða þeim
seinkað verulega.




Sundabraut, aðalskipulagsbreyting

Sundabraut í gildandi aðalskipulagi



Fjölmargar ákvarðanir um landnotkun og staðsetningu byggingarsvæða, einkum þó atvinnusvæða, hafa tekið mið af því að umrædd stofnbraut yrði lögð í framtíðinni.



Heildarskipulag samgangna hefur enn fremur tekið mið af því Sundabraut sé ráðgerð sem ný stofnbraut


Byggðapróun og umhverfisáhrif í stóra samhenginu – Jákvæð áhrif?

- + Tengir atvinnusvæði á Álfsnesi og Esjumelum betur við megin þáttbýli borgarinnar
- + Skapar ný tækifæri til atvinnuþróunar í norðurhluta Reykjavíkur
- + Greiðir fyrir flutning iðnaðarstarfsemi (landfrek, færri störf á ha lands) af miðlægari svæðum og þar með hraðari uppbyggingu þéttari og blandaðri byggðar (fleiri íbúar og störf á ha lands) innan megin þéttbýlis borgarinnar og meðfram Borgarlínu
- + Léttir á umferðarálagi á lykil stofnbrautum og öðrum umferðaræðum innan Reykjavíkur
- + Dregur úr kolefnisspori samgangna, í það minnsta til skemmri tíma litið.
- + Styttir vegalengdir úr Grafarvogi og fleiri hverfum til miðborgar og að megin atvinnusvæðum vestan Elliðaána og getur þannig stuðlað að því að meðalvegalengdir milli heimila og vinnustaða minnki
- + Opnar á ný tækifæri til þróunar byggðar og íbúðarhúsnæðis í norðurhluta Reykjavíkur
- + Skapar forsendur frekari uppbyggingar íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í austurhluta borgarinnar

Byggðapróun og umhverfisáhrif í stóra samhenginu – Neikvæð áhrif?

- Aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru skerðist fyrir íbúa Grafarvogs og fleiri hverfa , en það veltur þó á hvaða valkostir um útfærslu verði valdir og almennt hönnunarlausnum og mótvægisaðgerðum
- Ásýnd um sundin og strandlínuna verður ekki lengur ósnortin og náttúruleg svæði verða fyrir röskun. Hér þarf þó að hafa í huga að lengi hefur staðið til að nýta það land sem hér um ræðir.
- Veikir tengingar milli byggðar í Gufunesi og hverfa Grafarvogs, sem er þó háð útfærslum og hönnunarlausnum
- Eykur umferðarálag og umhverfisáhrif umferðar á nokkrum götum og gatnamótum og byggð sem er fyrir verður í aukinni nálægð við nýja stofnbraut.
- Framtíðar uppbyggingarmögulegar í Gufunesi og víðar geta rýrnað en það veltur á útfærslum og valkostum
- Sundabraut með brúarlausn yfir Kleppsvík getur kallað á endurskipulagningu hafnarstarfsemi í Sundahöfn með nýjum landfyllingum og tilfærslu núverandi hafnarstarfsemi. Umfang áhrifa velta þó á hæð brúar. Á móti gætu skapast tækifæri til að endurskipuleggja hafnarsvæði sunnan brúar fyrir þéttari og vistvænni byggð
- Sundabraut og skilvirkari þjónusta við einkabílinn getur leitt til þess að markmið um breyttar ferðavenjur náist síður, kynt almennt undir aukinni bílumferð (induced demand), ýtt undir aukna búsetu fjarri atvinnukjörnum með tilheyrandi lengri akstursvegalengdum

Breytingartillögur aðalskipulags í hnotskurn (drög)* – Sundabrá um Kleppsvík (valkostur I)



Lega Sundabrautar við Afstapa á Álfnesi, færist mögulega til austurs, til að tryggja vernd fuglabjargs við Djúpuvík

Sundabraut mætir Gunnunesi austur til að hlífa menningarminjum í Sundakoti sem eru á vestanverðu Gunnunesi. Hverfisverndarsvæði menningarminja verða mögulega skilgreind í endanlegri tillögu í samhengi við aðalskipulagsbreytingu iðnaðarsvæða á Álfnesi

Á þessu svæði eru til skoðunar valkostir sem víkja frá gildandi aðalskipulagi, m.a. um fjölda gatnamóta (mögulega ein í stað tveggja), að legan verði austur á nesinu og brautin minna niðurgráfin. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir göngum eða stökk á þessum kafla. Meta þarf legu á nesinu m.a. útfra mögulegri framtíðarnýtingu Geldinganes og uppbyggingu

Gatnamót (mislæg) við Gufunes færast eilítið til suðurs

Gatnamót við Hallsveg (mislæg) norðan Gufuneshöfða færast vestar og gert er ráð fyrir landfyllingum við hönnun gatnamótanna. Sjá einnig mögulegar aðrar útfærslu í Gufunes vegna gamla sorpurðunarsvæðisins (BG2 og BG2), sjá nánar umhverfisskýrslur (fylgiskjöl I og II)


Sundabraut mætir Sæbraut sunnan Holtgarða á móts við Holtaveg en í gildandi aðalskipulagi liggur brautin norðan Holtgarða.

Til skoðunar eru mislægar tengingar og stokkalausnir þar sem Sundabraut mætir Sæbraut (sjá kafla 4.6), en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir gatnamótum í plani. Sjá mismunandi valkosti og útfærslur gatnamóta í umhverfisskýrslu framkvæmdar, sem m.a. ráðast af hæð brúar.

Hæð brúar eru ekki beinlínis til ákvörðunar í aðalskipulagi en í umhverfismati framkvæmdar er talað um lágbrú og síðan hærri brú (30 m) sem hefði minni áhrif á skipulag hafnarsvæðis. Í fyrri vinnu var gert ráð fyrir jafnvel enn hærri brú (rúmlega 50 m) og svo var í þeirri lausn sem gildandi aðalskipulag miðast við. Hæð brúar er þó ekki ákvörðuð sérstaklega í aðalskipulagi en gengið var út frá lausn sem hefði ekki áhrif á hafnarstarfsemi sunnan brúar.

* Sjá nánar umhverfisskýrslur (fylgiskjöl I og II) vegna mismunandi valkosta og hönnunarlausna




Breytingartillögur aðalskipulags í hnotskurn (drög)* – Sundagöng um Kleppsvík (valkostur II)



* Sjá nánar umhverfisskýrslur (fylgiskjö I og II) vegna mismunandi valkosta og hönnunarlausna

Sundabraut, aðalskipulagsbreyting



Sundabraut og lega um Gufunes og Grafarvog



Í umhverfismati framkvæmdarinnar og mótun hönnunarlausna eru til skoðunar fjölmargir valkostir um legu Sundabrautar um Gufunes, þ.e. um svæðið milli eldri hverfa í Grafarvogi og nýrrar byggðar. Það er sérlega mikilvægt vegna þess að Sundabraut er í mikilli nálægð við umrædd hverfi. Hér skiptir í einkum máli hvort gangalausn eða brúarlausn verður fyrir valinu, en einnig hvernig lega brautarinnar verður leyst gagnvart sorpurðunarsvæðinu

Sundabraut, aðalskipulagsbreyting

Sundabraut á mótis við Sæbraut og Holtaveg. Mismunandi útfærslur í megin valkostum



Brúarlausn.

Stokkur og mislæg lausn við Sæbraut eða gatnamót í plani



Sundagöng.

Gangamunni við Kleppsveg og stokkur sunnan Holtavegar sem mætir gangamunnum

Markmið skipulagsgerðar og leiðarljós

Bæti samgöngur fyrir alla ferðamáta í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu; fyrir akandi, almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi.

Leiði til sjálfbærrar og hagfelldrar borgarþróunar og styðji við markmið um breyttar ferðavenjur til lengri framtíðar.

Tengi betur atvinnusvæði á Álfsnesi og Esjumelum við megin þéttbýli Reykjavíkur og auki skilvirkni vöruflutninga og þungaflutninga.

Bæti samgöngur milli Kjalarness og megin þéttbýlis Reykjavíkur.

Bæti tengingar Grafarvogs og annarra hverfa í austurborginni við miðborgina og megin atvinnukjarna vestan Elliðaána.

Að neikvæð áhrif á nálæga íbúðarbyggð og tengsl milli hverfa verði lágmarkuð.

Hafi sem minnst áhrif á hafnarstarfsemi og leiði til hagfelldrar þróunar hafnarsvæðanna til lengri framtíðar.

Að mannvirki falli vel að landslagi, náttúru og byggð og staðið verði að metnaði við hönnun þeirra útfrá fagurfræðilegum sjónarmiðum.

Gatnamannvirki, brúarlausnir og landfyllingar verði með þeim hætti að áhrif á lífríki verði lágmarkuð

Að leitað verði leiða til að lágmarka umfang og landþörf stofnbrautar og gatnamannvirkin rýri sem allra minnst verðmæt útivistar- og náttúrusvæði, svo og framtíðar uppbyggingarsvæði.

Auki sveigjanleika og seiglu stofnvegakerfisins með dreifingu umferðar á fleiri leiðir og létti á umferðarpunga af öðrum vegum, s.s. Höfðabakka um Gullinbrú, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ.

Að samgöngubætur og samspil þeirra við aðrar framkvæmdir og aðgerðir styðji vel við markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 og breyttar ferðavenjur. Hugað verði að viðeigandi mótvægisáðgerðum svo markmiðum verði náð.

Að mat á valkostum um legu og útfærslu og hönnun framkvæmdar verði unnið í ítarlegu samráði við alla hagsmunaaðila – og sköpuð verði eins breið sátt um framkvæmdina eins og kostur er.

Sundabraut leiði til sjálfbærari samgangna og skapi umhverfislegan ábata með minni akstri, útblæstri og mengun og styttri ferðatíma vegfaranda til og frá höfuðborgarsvæðinu og innan þess.

SUNDABRAUT

STOFNBRAUT | NÝR ÞJÓÐVEGUR AÐ REYKJAVÍK

Umhverfismatsskýrsla
aðalskipulagsbreytingar


DRÖG

September 2025




○ UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDAR OG AÐALSKIPULAGS

Umhverfismat framkvæmdar



Umhverfismat aðalskipulags



Viðbótarupplýsingar í skipulagsvinnu

- Aðgengi að atvinnusvæðum og íbúðarsvæðum
- Uppbygging nýrra atvinnusvæða og íbúðarsvæða
- Breytingar á ásjúnd og yfirbragði byggðar
- Umræða um áhrif 2040+
 - Möguleg landþörf m.t.t. mannfjöldaspár
 - Mögulegir valkostir um uppbyggingarsvæði

- Áhrif á ferðavenjur
- Tenging milli borgarhluta / hverfa
- Áhrif á ferðatíma og -vegalengdir
- Áhrif á gatnanet / önnur svæði
- Umræða um áhrif 2040+

○ BYGGÐAÞRÓUN, ATVINNU- OG ÍBÚÐASVÆÐI

- **Atvinnusvæði:** Mikilvæg tenging fyrir þróun atvinnulífs í Reykjavík. Bætir aðgengi milli norðurhluta borgar og miðsvæðis. Eykur eftirspurn og nýtingu svæða norðan til.
- **Breytt landnýting:** Styður við umbreytingu eldri atvinnusvæða og þétting byggðar. Tækifæri til að þróa blandaða byggð, t.d. Álfsnes og Geldinganes.
- **Dreifing starfa:** Líklega meiri dreifing starfa.
- **Framtíðarsviðsmyndir:** Kann að hafa áhrif á forgangs röðun uppbyggingarsvæða.
- **Núllkostur – án Sundabrautar:** Takmarkmar möguleika á uppbyggingu atvinnusvæða í nyrðri hluta borgarinnar og þar með umbreytingu eldri svæða.

Helsti munur milli valkosta

- **Sundahöfn:** Sundabrá fer yfir landsvæði Sundahafnar og skerðir að nokkru athafnasvæðið, en göngin fara undir hafnarsvæðið.
- **Landnotkun:** Sundabrá fer yfir landsvæði í Gufunesi, BG1 þekur mest land, BG2 og BG3 kalla á landfyllingu við Gufunes, en Sundagöng fara undir Gufunes. Valkostir í Geldinganesi áhrif á þróun mögulegrar byggðar þar.
- **Sjónræn áhrif:** Sýnileiki er meiri fyrir Sundabrá en Sundagöng, og meiri ef brúin er hærri. Í Gufunesi er sýnileiki meiri fyrir valkosti BG1 og BG2 en fyrir Sundagöng og valkost BG3 þar sem stutt göng eru undir nesið.
- **Norðan Geldinganes:** Útfærsla vegarins norðan Geldinganes hefur lítil áhrif á byggða- og atvinnuþróun.

○ FRAMTÍÐARSVIÐSMYNDIR


- Ekki hluti af skipulagsvinnu en gert til að velta upp sýn lengra fram í tímann.
- Horft til 2070 - gögn frá Hagstofu.
- Fjölgun íbúa kallar á að brjóta nýtt land undir byggð.
- Sundabraut kann að hafa áhrif á forgangs röðun uppbyggingarsvæða.

Sviðsmynd 2070	Fjölgun íbúa	Fjöldi íbúða*	Landþörf í ha**
A. Lágspá	45.000	31.550	450
B. Miðspá	86.000	52.300	750
C. Háspá	166.000	72.150	1.030

* Miðað er við 2,0 íbúa í íbúð

** Miðað er við 70 íbúðir á ha., sem telst í hærra lagi fyrir svæði í útjaðri.

Möguleg framtíðar íbúðar- og atvinnusvæði



○ SAMGÖNGUR OG FERÐAVENJUR

- **Umferðarmagn:** Heldur aftur af umferðaraukningu á Miklubraut og í Ártúnsbrekku og dregur úr umferð um Vesturlandsveg. Umferð eykst á aðkomuleiðum í Grafarvogi, frá Laugarnesvegi að Langholtsvegi og á Sæbraut, meira en ef Sundabraut verður ekki að veruleika.
- **Ferðavenjur:** Umferðargreiningar benda til að fleiri munu velja einkabíl, verði Sundabraut að veruleika heldur en ef hennar nyti ekki við. Áhrif veggjalda koma ekki fram í greiningunni. Heilt á litið er erfitt að henda reiður á heildaráhrifum Sundabrautar á ferðavenjur.

Helsti munur milli valkosta

- **Gangandi og hjólandi:** Sundabré styður betur við gangandi og hjólandi vegfarendur en Sundagöng.
- **Almenningssamgöngur:** Sundabré styður betur við almenningssamgöngur þar sem mögulegt er að hafa styttra á milli biðstöðva og fleiri tengingar inn í hverfin.
- **Sundahöfn:** Tengingar við hafnarsvæðið eru betri með Sundabré en Sundagöngum.
- **Framkvæmdatími:** Truflun á framkvæmdatíma verður mest fyrir valkost BS1 (stokkur við Sæbraut), minnst fyrir BS2 (gatnamót í plani við Holtaveg).
- **Öryggi:** Umferðaröryggi er betra fyrir allar sviðsmyndir Sundabrautar en ef Sundabraut verður ekki að veruleika. Sundagöng koma betur út fyrir akandi vegfarendur en Sundabré fyrir gangandi og hjólandi.

○ BREYTINGAR Á UMFERÐ

- Álagið færir til þegar nýr samgönguás verður til.
- Sundabraut léttir álag á núverandi stofnvegum.
- Umferð um aðkomuleiðir að Sundabraut þyngist, sérstaklega á Sæbraut.
- Núverandi samgönguás, Ártúnshöfði – Vesturlandsvegur, verður skilvirkari.

Áhrif Sundabrautar á gatnakerfi



○ UMHVERFISMAT OG SAMANBURÐUR VALKOSTA

Umhverfispáttur	Sundabré	Sundagöng	Óbreytt lega	Núllkostur
Byggðapróun, landnotkun, húsnæði, atvinnusvæði og byggðamynstur	+ Valkostur BG1: Opin svæði við byggð fara í meira mæli undir mannvirki. Valkostur lág brú: Skerðir hafnarsvæði meira en há brú en sýnileiki minni.	+	+ Opin svæði við byggð fara í meira mæli undir mannvirki.	—
Samgöngur og ferðavenjur	+	+ Styður síður við gangandi og hjólandi umferð en brú.	+	—
Náttúrufar, vatnafar og minjar	— Skerðir vistgerðir í fjöru í Gufunesi. Valkostur BG1: Skerðir græn svæði meira	—	— Skerðir fjörur og græn svæði á Gufunesi. Göng um Geldinganes hlífa vistgerðum.	0
Heilsa og útivist	+ / — Ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á heilsu eftir hverfum og valkostum. Valkostur BG1: Mest áhrif á útivistarsvæði.	+ / — Ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á heilsu eftir hverfum og valkostum.	+ / — Ýmist jákvæð eða neikvæð áhrif á heilsu eftir hverfum og valkostum. Áhrif á útivistarsvæði eins og valkostur BG1.	0
Loftslagsmál	+	+	+	0

Sundabraut, aðalskipulagsbreyting (drög)


Hvað er til afgreiðslu?



**Drög að aðalskipulags-
breytingu ásamt
umhverfismati (drög)
sbr. 2. mgr. 30. gr.
skipulagslaga nr.
123/2010**



Fylgiskjal I. Umhverfismat (drög)
sbr. lög nr. 111/2021. Unnin af
VSÓ-ráðgjöf fyrir Reykjavíkurborg



Samþykkt að forkynna drög að aðalskipulagsbreytingu sbr. 2.mgr. 30. gr., ásamt drögum að umhverfismati. *Vísað til borgarráðs.*

- Kynning í skipulagsgátt, ásamt umhverfisskýrslu framkvæmdar hefst væntanlega í lok september (að undanegnum loka prófarkalestri, samræmingu og grafískum frágangi)
- Opnir fundir eru áformaðir um miðjan október í þremur hverfum borgarinnar (Laugardal, Grafarvogi og Kjalarnesi)

Aðalskipulagbreyting og umhverfismat framkvæmdar. Uppfært tímaferli

Drög að aðalskipulagsbreytingu (sbr. 2. mgr. 30 gr) kynnt samhliða umhverfisskýrslu framkvæmdar

Aðalskipulagsbreyting og umhverfismat hennar

Samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og unnin af Umhverfis- og skipulagssviði og ráðgjöfum í umhverfismati (VSÓ-ráðgjöf)



September 2023

Verklýsing tillögugerðar og umhverfismats auglýst sbr. 1- mgr. 30 gr. skipulagslaga, sbr. III. kafli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana



Apríl-maí 2025

Frumdrög aðalskipulagsbreytingar í mótun, og mat á umhverfisáhrifum valkosta




September 2025

Drög að tillögu, sbr. 2. mgr. 30. gr. auglýst í skipulagsgátt – og drög að umhverfismati



Nóvember 2025

Á grundvelli álits Skipulagsstofnunar og viðræðna borgaryfirvalda og ríkisins er ákveðið hvað kostur verður auglýstur sem breyting á aðalskipulagi. Ný yfirlýsing ríkis og borgar?



Desember 2025

Tillaga sbr. 3. mgr. 30 gr. samþykkt í auglýsingu, að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar.



Janúar 2026

Lögformleg tillaga auglýst, sbr. 31. gr. skipulagslaga, í skipulagsgátt, með athugasemdafresti í minnst 6 vikur.



Mars 2026

Tillaga tekin til umfjöllunar og afgreiðslu og endurmetin m.t.t. athugasemda. Send í kjölfarið til Skipulagsstofnunar til staðfestingar.

Samráð og opnir kynningarfundir:

Haust 2023

Opnir íbúafundir
Lýsing auglýst

September 2025

Opnir íbúafundir
Drög kynnt í skipulagsgátt
Athugasemdir íbúa, hagaðila

Febrúar 2026

Opinn kynningarfundur
Formleg auglýsing í 6 vikur í skipulagsgátt
Athugasemdir íbúa og hagaðila

Lögbundnir umsagnaraðilar Skipulagsstofnun

Umsagnir og álit

Umsögn Skipulagsstofnunar
Umhverfisstofnun ofl

September 2025

Umsagnir sbr. 2. mgr. 30 gr.

Desember 2025

Athugun Skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 30 gr.

Apríl 2026


Afgreiðsla Skipulagsstofnunar

Umhverfismat framkvæmdar


Mótun valkosta, umhverfismat þeirra og forhönnun gatnamannvirkja Unnið af framkvæmdaaðila (Vegagerð) og þeirra ráðgjöfum (Efla)




Matslýsing lögð fram sbr. 21. gr laga nr. 111/2021. Skipulagsstofnun auglýsir og óskar eftir umsögnum. Gefur álit að loknu kynningarferli.



Drög að umhverfismati ásamt valkostum, kynnt borgar-yfirvöldum
Skýrsla send til athugunar hjá Skipulagsstofnun. Stofnunin gerir athugasemdir og undirbýr auglýsing skýrslu, sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021



Umhverfismatsskýrsla auglýst í minnst 6 vikur, sbr. 23. gr. nr. 111/2021 í skipulagsgátt.
Tveir aðalvalkostir settir fram í skýrslu.



Umhverfismat afgreitt með áliti Skipulagsstofnunar, sbr. 24. gr. laga nr. 111/2021.